

Upphæð vatnsskattsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 17.00 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 12.00 á rúmmetra í öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð almenns vatnsskatts aldrei vera hærri en svarar kr. 21.00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er.

Almennur vatnsskattur samkvæmt framanskráðum reglum skal þó aldrei vera lægri en kr. 2 200.00 af skattskyldri fasteign.

Framangreindir gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss og lágmarksvatnsskattur af fasteign skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

2. gr.

Aukavatnsskattur skal vera kr. 6.00 til kr. 8.00 fyrir hvern teningsmetra vatns. Gjaldstuðull á teningsmetra skal breytast eftir verðlagi á sama hátt og álagningarstofn fasteignaskatts.

3. gr.

Gjald fyrir vatn til skipa skal vera kr. 50.00 fyrir hvern teningsmetra vatns, en þó aldrei lægra en kr. 500.00 fyrir hvert skip.

4. gr.

Stofngjald húsa skal ákveðið af hreppsnefnd árlega.

5. gr.

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu mælis samkvæmt reikningi. Árleg leiga fyrir mæli skal vera 20% af kostnaðarverði mælisins.

6. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu, eftir ákvörðun hreppsnefndar, enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Suðureyrarhreppi.

1. gr.

Húseigendur skulu greiða til sveitarsjóðs Suðureyrarhrepps gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingar-

kostnaðar pr. m³ eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús	3,0%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð	2,0—
Tveggja hæða íbúðarhús	2,0—
Fjölbýlishús	0,8—
Verslunar- og skrifstofubyggingar	1,8—
Iðnaðarhús, vörugymslur og annað atvinnuhúsnaði	1,0—
Opinberar byggingar	3,0—

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar. Fermetragjaldið verði bundið byggingarvísitölu frá 1. janúar 1975.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 20% gjaldsins, greiðist þegar bundið slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu.

Eftirstöðvar verði greiddar upp með fjórum jöfnum, árlegum afborgunum.

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Ársvextir 10% greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

4. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.